

Nr. 19-136 S 080 Herjólfur**Starfsmenn slasast í MOB bát**

Skipaskr.nr. 2941 IMO nr. 9825099
Útgerð: Vestmanneyjarferjan Herjólfur
Smíðaður: Pólland, 2019, stál
Stærð: 3270,0 bt.
Mesta lengd: 71,73 m Skráð lengd: 68,86m
Breidd: 15,09 m Dýpt: 5,10 m
Vél: ABB, 2400 kw, 2017.
Áhöfn: 10
Farþegar: 2



Herjólfur©NN

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. júlí 2019 var ferjan Herjólfur fyrir utan Landeyjarhöfn í profusiglingu þangað. Veður: ANA 4 – 5 m/s. Ölduhæð 1 m.

Þegar ferjan var fyrir utan höfnina var ákveðið að tveir starfsmenn útgerðarinnar, sem erindi áttu í land, yrðu fluttir þangað með hraðskreiðum léttbát skipsins (FRC) sem einnig var verið að framkvæma prófanir á.

Á leiðinni með bátnum í land, sem var harðbotna bátur með þrýstidrífi (jet), fór hann á siglingunni fram af báru (*sjá mynd*) með þeim afleiðingum að starfsmennirnir tveir slösuðust.



Myndin var tekin þegar báturinn fer fram af bárunni

Fram kom að annar hefði fengið brot í hryggjarlið og samfallna tvo hryggjarliði en hinn fékk samfallsbrot, brotið rófubein og brjósklos.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjar voru að prófa bátinn og sjósetja hann í fyrsta skipti;
- að fjórir skipverjar af Herjólfli og tveir starfsmenn útgerðarinnar voru fremst í léttbátnum;
- að annar slasaðra skall með höfuðið í málmstykki fremst á léttbátnum og féll síðan í botninn á honum. Hinn sat á botninum þegar báturinn sigldi fram af bárinni;
- að hraðskreiði léttbáturinn var af gerðinni HATECKE FRB-600IB. *Skilgreining Alþjóðasiglingastofnunarinnar (IMO) á léttbát (MOB) er að hann nái 6 hnúta ferð í fjóra tíma fulllestaður en hraðskreiður léttbátur (FRC) skal ná 20 hnúta ferð í 4 tíma með þrjá í áhöfn og a.m.k. átta hnúta ferð fulllestaður;*
- að engin af áhöfn léttbátsins hafði hlotið sérstaka þjálfun í notkun á hraðskreiðum léttbátum en Slysavarnaskóli sjómanna býður upp á námskeið í notkun þeirra í samræmi við kröfur STCW samþykktarinnar um menntun og þjálfun sjómanna;
- að samkvæmt SOLAS samþykktinni um öryggi mannlífa á hafinu, kafla III, B hluta regla 26.3.3 eiga að lágmarki að vera tveir skipverjar í áhöfn sem hafa hlotið þjálfun í meðferð hraðskreiðra léttbáta og stunda reglulegar æfingar á þannig bátum;
- að samkvæmt upplýsingum frá skipstjóra hefur eftir atvikið hluti áhafnar lokið námskeiði bæði fyrir líf- og léttbáta og hraðskreiðra léttbáta en til stendur að senda fleiri;
- að í áhöfn Herjólfis voru 10 skipverjar í þessari ferð en aðeins fjórir þeirra voru lögskráðir. Ekki fengust skýringar á því;

Upplýsingar um hraðskreiða léttbátinn(FRC):

Heiti:	Hatecke
Tegund:	FRB 600 IB
Mesta lengd:	6,15 m
Mesta breidd:	2,31 m
Mesta hæð:	2,60 m
Hámarks fjöldi:	6 menn
Eiginþungi:	1.455 kg
Eiginþungi með 6 menn:	1.950 kg
Drifbúnaður vél:	140 hestöfl
Jet drif teg:	Vospower PP90A
Uppgefinn hraði:	20 hnútar með 3 mönnum
	8 hnútar með 6 mönnum

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til skorts á viðeigandi þekkingu bátsverja og þjálfunarleysis á bátum auk þess sem siglingahraði var of mikill miðað við aðstæður.